

Grundarfjarðarbær
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Borgarbraut 16
350 Grundarfjörður

Reykjavík 3. apríl 2018
UST201803-311/K.S.J.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag – Kirkjufellsfoss, Grundarfirði - tillaga á vinnslustigi

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Grundarfjarðarbæjar er barst 19. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Kirkjufellsfoss sem er á vinnslustigi.

Skipulagssvæðið

Ofangreind skipulagstillaga nær yfir Kirkjufellsfoss í Grundarfjarðarbæ og nánasta umhverfi hans. Í greinargerð kemur fram að tillagan nær yfir 10,5 ha svæði og innan þess verða bílastæði, gönguleiðir, upplýsingaskilti og áningastaðir.


Markmið


Umhverfisstofnun tekur undir þau markmið er fram koma á bls. 3 í greinargerð. Stofnunin hefur farið yfir ofangreinda tillögu og telur að markmiðin náist ágætlega og að þær breytingar sem gerðar eru á staðsetningu bílastæða og göngustíga séu til bóta.

Umhverfisstofnun tekur undir umfjöllun og áætlanir um lýsingu á svæðinu.

Umhverfisstofnun tekur að öðru leyti undir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemd við hana.

Virðingarfallst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur